

**Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um 40 stunda
vinnuviku og lögum nr. 39/1966
Þingmál 324, þingskjal 371, 141. löggjafarþing**

Um 1. gr.:

Alda fagnar breytingu á þessari grein laga um 40 stunda vinnuviku að því er varðar frídaga sem ber upp um helgar. Rétt er að slíkir frídagar falli ekki niður heldur færist á næsta virka dag. Sjálfsagt er að lengja helgar með þeim tilflutningi frídaga. Alda tekur ekki afstöðu til annarra þátta greinarinnar.

Hins vegar leggur Alda til að gerðar verði aðrar breytingar á lögnum. Þessar breytingar væru af tvennum toga.

Fyrri breytingin yrði þessi: Þeir dagar frá 20. desember til 2. janúar ár hvert, sem nú teljast virkir dagar, myndu verða að almennum frídögum, en þó með takmörkunum svo verslunarstarfsemi sé möguleg í takmörkuðum mæli, t.d. að heimilt sé að hafa opið í hverri verslun hálfan dag á tímabilinu. Það er full ástæða til að gera fólki – líka verslunarfólki – kleift að njóta samvista um jól og áramót, sem eru haldin í svartasta skammdeginu. Það er öllum í hag.

Seinni breytingin fælist í lagfæringum og viðbættum við lögina sem myndu miða að almennri styttingu vinnuvikunnar, án tekjuskerðingar. Full ástæða er til þessa, því vinnuvikan á Íslandi er löng og hefur slæm áhrif á heimilislíf. Vinnutími á Íslandi er sá lengsti á Norðurlöndum og þar sem atvinnuþátttaka

Stytting vinnutíma

er jafnframt mjög mikil hérlandis – ein sú mesta í OECD – þá er vinnuálag mikið. Alþjóðleg rannsókn sem var gerð fyrir nokkrum árum sýndi glögglega að íslenskt samfélag stendur illa þegar kemur að áhrifum vinnunnar á heimilislíf – og raunar mun verr en fjölmörg þróuð lönd: Í engu þátttökulandanna var meira kvartað undan því að illa gengi að sinna heimilislífi sökum þreytu vegna vinnu. Jafnframt kom í ljós að illa gengi að ljúka verkefnum á vinnustað. Í aðeins tveimur þátttökulöndum voru fleiri sem tóku undir það að illa gengi að ljúka verkefnum, en á Íslandi. Einnig er slök framleiðni hérlandis vel þekkt. Þetta allt helst í hendur: Léleg framleiðni verður til þess að ekki næst að klára verkefni í vinnunni, sem leiðir til lengri vinnudags (í mörgum tilfellum), sem leiðir til slæmra áhrifa á heimilislíf. Þá má vekja athygli á því að vinnudagurinn á Íslandi hefur lítið sem ekkert styst undanfarna áratugi – er því lítil von til þess að ástandið skáni af sjálfu sér.

Alda beinir því til Alþingis að bregðast þurfi við löngum vinnudegi hérlandis. Sem fulltrúar fólksins í landinu ber þingmönnum að grípa til aðgerða. Hvetur Alda þingmenn til að gera íslenskt samfélag það fjölskylduvænasta á Norðurlöndum með styttingu vinnuvikunnar í 30-32 stundir.

Frekari upplýsingar ásamt heimildum má finna í fylgiskjali við þessa umsögn.

Alda er tilbúin til þess að senda fulltrúa á fund þingnefndar.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,
Guðmundur D. Haraldsson

Alda - félag um sjálfbærni og lýðræði
Brautarholti 4
105 Reykjavík
www.alda.is

Stytting vinnutíma



Mars 2012

Vinum minna

Aukin lífsgæði með styttingu vinnutíma

Stytting vinnutíma

Á Íslandi vinnur fólk lengur en á Norðurlöndum og einna mest í samanburði við ríki Evrópu. Árið 2008 vann meðal vinnandi maður á Íslandi 23 vinnudögum meira en í Svíþjóð. Það er næstum því heilt sumarleyfi. Auk þess er atvinnuþátttaka héraendis sú mesta af Norðurlöndum og mjög mikil miðað við önnur Evrópuríki. Alda – félag um sjálfbærni og lýðræði telur nauðsynlegt að stytta vinnudaginn á Íslandi. Víða í Evrópu hefur vinnudagurinn gagngert verið stytur síðastliðna áratugi. Reynslan af því er almennt góð – rétt eins og gildir um styttingu vinnudagsins í gegnum söguna.

Alda minnir á að stytting vinnudags er ekki nýtt fyrirbrigði, heldur gömul og gild leið til að auka lífsgæði almennings. Vélvæðing – aukin sjálfvirkni og framleiðni – á að skila sér beint í minni vinnu, en ekki atvinnuleysi. Stytting vinnudagsins er fyrir löngu tímabær aðgerð.

Kjarabaráttta hefur að langstærstum hluta snúist um kaupmáttar- og hagvaxtaraukningu sem og atvinnuþátttöku. Enda hafði tekju- og framleiðsluaukning umtalsverð áhrif til þess að auka lífsgæði og hamingju. Rannsóknir benda til þess að á þessu sé orðin breyting á Vesturlöndum. Í ríkari löndum eru lítil tengsl milli tekju- og framleiðniaukningar og bættra lífsgæða og hamingju. Aðrir þættir vega nú þyngra en áður í því að auka lífsgæði og hamingju og má þar nefna sérstaklega þrjá þætti: félagsleg tengsl, jöfnuð og umhverfisgæði. Stytting vinnutímans gerir okkur kleift að rækta félagsleg tengsl, taka þátt í samfélaginu og njóta umhverfisgæða. Sömuleiðis er stytting vinnutímans líkleg til þess að draga úr streitu sem hefur neikvæð heilsuáhrif og þar með auka lífsgæði. Alda leggur því til að:

1. Venjuleg vinnuvika verði stytt í 30-32 vinnustundir á tveggja ára tímabili.
2. Tryggja þarf að aukin framleiðni skili sér í fleiri frístundum hjá vinnandi fólki. Þessu markmiði skal vera náð fyrir árslok 2015.
3. Fyrrgreindum markmiðum skal náð þannig að kaupmáttur standist í stað eða aukist.

Af hverju styttri vinnudag?

Framleiðni á hverja unna klukkustund er lág á Íslandi miðað við önnur Norðurlönd og ýmis önnur ríki í Evrópu. Framleiðni á mann er hins vegar hærrí en í þessum löndum. Stytting vinnudagsins gæti hér hjálpað til við að auka framleiðni, en endurskipulagning vinnu fylgir gjarnan styttingu vinnudags.

Í alþjóðlegri könnun var hvergi kvartað meira undan því að fólk kæmi of þreytt úr vinnu til að sinna heimilisstörfum en á Íslandi. Í sömu könnun var spurt um hvernig gengi að klára verkefni í vinnunni. Þar lenti Ísland í þriðja neðsta sæti. Stytting vinnudagsins gæti haft þau áhrif að fólk yrði minna þreytt eftir vinnu – en líka til þess að bæta vinnuskipulagið.

Atvinnuleysi hefur aukist frá því 2008. Stytting vinnudagsins gæti haft þau áhrif að draga úr atvinnuleysi. Styttingin myndi hafa í för með sér endurskipulagningu vinnunnar í mörgum fyrirtækjum, því sömu verk þyrftu að vinna þrátt fyrir styttingu – sumum myndi takast að halda óbreyttum starfsmannafjölda eftir styttingu, en önnur þyrftu að ráða til sín meira fólk. Þannig myndi atvinnuleysi minnka. Hafa ber í huga að stytting vinnudagsins í öðrum samfélögum hefur leitt til minna atvinnuleysis.

Í sömu könnun og spurt var um þreytu var líka kannað hvort fólk vildi vinna minna, meira eða jafn mikið og það gerði. Í ljós kom að mjög margir vildu vinna minna (42%), en gátu það ekki af hverjum ástæðum; trúlega fjárhagslegum og/eða vegna ósveigjanlegra vinnustaða. Einnig voru fjölmargir sem vildu eyða meiri tíma með vinum og fjölskyldu en þeir gerðu. Hér myndu stytting vinnudags hafa augljós góð áhrif.

Jafnvel þó vinnan sé mikilvæg – hún sér okkur fyrir húsaskjóli og fæðu – þá snýst lífið ekki eingöngu um vinnu. Lífið snýst um að njóta þess að vera til, fá að stunda áhugamál sín og verja tíma með fjölskyldu og vinum. Þetta *eitt og sér* kallar á styttri vinnudag. Ýmislegt bendir til þess að þegar ákveðnu marki er náð í framleiðslu og kaupmætti að þá vegi þyngra aðrir þættir en aukin framleiðsla í því að auka lífsgæði. Sérstaklega þá aukinn félagsauður og umhverfisgæði. Til þess að auka félagsauð og njóta umhverfisgæða þarf fólk meiri frítíma.

Verkefnið var unnið í málefnaþópi Öldu um styttingu vinnutíma (www.alda.is) Umsjónarmaður hópsins er Guðmundur D. Haraldsson, s. 896 8867.

Vinum minna

Við viljum helst halda í þá trú að við höfum öll, hvert og eitt, dómgreind sem sé í lagi. Jú, einhverstaðar höfum við hana, en til þess að brúka hana þarf góðan tíma í samfélagi sem slítur fólki út og gerir örpreytt þrátt fyrir áratuga langa velmegun. - *Pórunn Erlu-Valdimarsdóttir*.²

Undir lok árs 2008 áttu sér stað atburðir sem voru upphaf mikilla breytinga fyrir Íslenskt samfélag. Þessum breytingum er ekki enn lokið. Jafnframt breyttust gildin, gildi eins og „græðum á daginn og grillum á kvöldin“ féllu í ónáð. Ýmislegt sem var áður álitnið gott og gilt, var það ekki lengur. Ýmis vandamál tóku við, sem öllum er kunnugt um.

Eitt breyttist ekki. Þeir sem höfðu atvinnu, héldu áfram að vinna mikið.³ Krafan um styttri vinnudag heyrir varla héraendis og lítið sem ekkert hefur heyrst af henni undanfarin ár.⁴ Það er eins og Íslendingar líti á það sem kost, fremur en löst, að vinna mikið. Það er kominn tími á að þetta breytist.

Á næstu síðum verður gerð grein fyrir því *hvers vegna* það ætti að stytta vinnudaginn á Íslandi, hversu mikið er unnið hér miðað við nágrannalöndin, og í stuttu máli gerð grein fyrir reynslu í öðrum löndum af styttingu vinnudagsins.


En hversu mikið er unnið héraendis? Skynsamlegast er að bera okkur saman við lönd sem eru álíka þróuð og á svipuðum slóðum í heiminum. Ef fjöldi árlegra vinnustunda á hvern *vinnandi* mann á Íslandi og í Evrópu er skoðaður, kemur í ljós að íbúar annarra Norðurlanda⁵ og íbúar ýmissa þróuðustu landa Evrópu⁶ – t.d.. Belgíu og Frakkland – vinna að meðaltali minna en íbúar Íslands gera, en einna helst er það fólk í umskiptalöndum – þ.e. Póllandi, Slóveníu, Eistlandi o.s.frv. – sem vinnur meira.⁷ Svo dæmi séu tekin voru vinnustundir vinnandi fólks héraendis (að meðaltali) árið 2010 um sex stundum fleiri á viku en vinnandi fólks í Þýskalandi – næstum heill vinnudagur! –, og þremur stundum fleiri en í Frakklandi.⁸ Í töflu 1 má sjá Ísland borið saman við önnur Norðurlönd með sama hætti.

Tafla 1: Meðalfjöldi vinnustunda á viku og vinnudaga á ári sem vinnandi fólk á Íslandi vann umfram það sem vinnandi fólk á öðrum Norðurlöndum gerði, árin 2008 og 2010.⁹

Stytting vinnutíma

Land	Vinnustundir / viku (48 vikur)		Vinnudagar / ári (8 klst)	
	2008	2010	2008	2010
Noregur	8	6,4	48,3	38,4
Svíþjóð	4	2,4	23,9	14,1
Danmörk	5,5	3,8	33,0	22,8
Finland	2,2	0,2	13,0	1,3

Þessi munur sést einnig á mynd 1 en hún sýnir meðalfjölda unninna árlegra vinnustunda í löndunum.¹⁰ Á myndinni sést greinilega að héraendis vinnur fólk (að meðaltali) meira en íbúar nágrannalandsanna sem og íbúar nefndra Evrópuríkja. Til samanburðar eru tölur fyrir umskiptalöndin líka birtar.



Mynd 1: Myndin sýnir meðalvinnustundir vinnandi manna á Íslandi, og meðaltal fyrir það sama fyrir hin Norðurlöndin og tvo hópa Evrópulanda. Eins og sjá má eru vinnustundir fleiri hér en á öðrum Norðurlöndum og víða í Evrópu. „Önnur Norðurlönd“ eru Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk. „Ýmis þróuð evrópulönd“ eru hér Austurríki, Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía og Þýskaland. „Umskiptalönd“ eru hér Pólland, Slóvenía, Eistland, Lettland og Litháen.

Einnig má sjá að langur vinnutími á Íslandi, miðað við sömu lönd, er *engin nýlunda*. Vinnutíminn hefur vissulega styst, en héraendis hefur fólk unnið meira en íbúar annarra Norðurlanda að minnsta kosti frá 1958. Svipað gildir um hin þróuðu Evrópulöndin.¹¹ Svo má líka sjá að vinnutími héraendis hefur styst frá því í kringum hrun (2008), en ekki mikið. Þessi stytting er líklega tímabundin – hún er líkleg til að hverfa í næstu uppsveiflu, því að hér er trúlega aðeins um að ræða takmörkun á yfirvinnu (og öðrum ámóta aðgerðum) til að stemma stigum við kostnaði vegna efnahagsþrenginganna sem nú ganga yfir.

Vinnustundir á hvern vinnandi mann er ein leið til að mæla hversu mikið er unnið í samfélagi. Sú leið er bara ein af nokkrum mögulegum. Önnur leið er að skoða nokkurs konar heildarumfang vinnunnar í samfélagi, og hefur það verið gert fyrir Ísland og fjölmörg önnur ríki.¹² Til að geta reiknað það út er byrjað á að kanna hve mikil atvinnuþátttaka viðkomandi samfélags er, en atvinnuþátttaka er hlutfall fólks á vissu aldursskeiði (í þessu tilviki 15-64 ára) sem er í launaðri vinnu eða er að leita sér að vinnu. Á Íslandi var atvinnuþátttaka 85,3% árið 2009, sem er meira en á öðrum Norðurlöndum, meira en í þróuðustu Evrópulöndunum og meira en í Kanada og Bandaríkjunum. Í tölum OECD eru raunar engin lönd með meiri atvinnuþátttöku en Ísland. Svo þarf að huga að meðalvinnustundum á hvern vinnandi mann. Er hér nú þegar búið að fara í gegnum þær tölur fyrir hin ýmsu lönd. Því næst er atvinnuþátttaka *margföldið* með meðalfjölda vinnustunda á hvern vinnandi mann í viðkomandi samfélagi og deilt með 100.¹³ Útkoman er eins konar vísitala, sem má túlka sem meðalfjölda vinnustunda allra sem eru á aldrinum 15-64 ára. Sé þetta gert fyrir nærri öll Evrópulönd, Bandaríkin, Kanada, S-Kóreu, nokkur lönd í S-Ameríku og mörg fleiri (öll OECD-löndin raunar), með tölum ársins 2009 og vísitölurnar bornar saman milli landanna, þá kemur í ljós að hvergi var umfang vinnunnar meira en á Íslandi árið 2009. Mikill munur var á Íslandi og hinum Norðurlöndunum, en umfang vinnunnar á Íslandi var um 19,8% hærra en meðaltal umfangs Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Finnlands. Umfangið er greinilega úr takti við það sem gengur og gerist í nágrennalöndum okkar. Sama gildir um þróuðustu Evrópulöndin; þar var umfang vinnunnar mun minna en hér árið 2009. Í þessu sambandi má benda á að Ísland og Suður-Kórea – sem gjarnan er talið vinnusamasta samfélag jarðar – er á svipuðu

Stytting vinnutíma

reiki í þessum efnum, Ísland með aðeins meira umfang. Á þessu eru þó fyrirvarar.¹⁴ Þó tölurnar séu frá 2009, er þess ekki að vænta að umfangið hafi breyst mikið hérlendis. Atvinnuþáttaka á Íslandi var svipuð árin 2010 og 2009 og meðalvinnustundir vinnandi fólks voru svipaðar milli þessara ára.¹⁵ Ástandið annarsstaðar er ekki líklegt til að hafa breyst í áttina að auknu umfangi vinnunnar.

Það má færa fyrir því rök að umfang vinnunnar hérlendis hafi verið *enn* meira á árunum fyrir 2009 (og jafnvel enn lengur en það): Atvinnuþáttaka var hærri á árunum 2004-2007 en árið 2009¹⁶ og eins og sést á mynd 1 voru vinnustundir einnig fleiri þá en á árinu 2009. Þessi tvö atriði verða til þess að *auka umfangið*. Erfiðara er að segja til um hvort umfangið hafi verið meira hér en í öðrum (OECD) löndum á árunum fyrir hrun – til að meta það þarf frekari gögn. Rétt er að benda lesendum á að mikil atvinnuþáttaka á Íslandi er ekki nýlegt fyrirbæri; atvinnuþáttaka hefur verið um og yfir 80% frá því að minnsta kosti 1991.¹⁷

Þetta þarf að breytast. Vinnutími á Íslandi ætti vel að geta verið svipaður og í Svíþjóð, Danmörku, Þýskalandi eða Frakklandi. Stytta ætti vinnudaginn á Íslandi. Margir hugsa eflaust með sér að hugmyndin sé galin – og einhverjir kunna að halda, að höfundur hafi hreinlega misst vitið. „Stytta vinnudaginn í miðri kreppu?“ hugsa þeir. En þvert á móti, þá má færa góð rök fyrir styttingu vinnudagsins hérlendis. Þau verða sett fram á næstu síðum.

Skoðum samt fyrst söguna, örstutt. Bæði hérlendis og annars staðar í Evrópu.

Fordæmin og vinnutími

Vinnudagurinn hefur styst mikið í hinum iðnvædda heimi frá því í iðnbyltingunni.¹⁸ Á Englandi um 1840, sem dæmi, vann meðalmaðurinn um 3.000 klukkustundir á ári og margir eflaust meira. Undir lok tuttugustu aldar var talan um 1.800 klukkutímar.¹⁹ Stytting vinnudagsins varð að veruleika með lagasetningu, samningum og átökum. Svipaða sögu má segja um önnur lönd. Gegnumgangandi, má segja, hefur vinnudagurinn styst í kjölfar átaka eða beinna aðgerða.

Í Evrópulöndum eins og Þýskalandi og Frakklandi hefur vinnudagurinn verið stytur með beinum aðgerðum á síðastliðnum áratugum. Í Þýskalandi á tveimur síðustu áratugum tuttugustu aldar var vinnudagurinn stytur í áföngum. Almennt gekk styttingin vel fyrir sig og engin neikvæð áhrif urðu á hagkerfið – t.d. atvinnuleysi eða landsframleiðslu. Í Frakklandi var ráðist í

Stytting vinnutíma

aðgerðir til að stytta vinnudaginn og var árangurinn ágætur þar sömuleiðis. Styttingin hefur líka náð til landa eins og Bretlands, Belgíu og Hollands.²⁰ Vinnudagurinn hefur líka verið stytur í öllu fjarlægari löndum, Chile og S-Kóreu.²¹

Markmiðið með styttingu vinnudagsins hefur verið misjafnt. Stundum hefur það verið að minnka atvinnuleysi, stundum að gera samfélagið fjölskylduvænna, stundum annað. Stytting vinnudagsins í S-Kóreu er dæmið um hið fyrra og hið seinna. Styttingin í Þýskalandi og Frakklandi eru dæmi um hið fyrra.²²

Í gegnum söguna hefur stytting vinnudagsins almennt gengið vel fyrir sig. Áhrif á atvinnuleysi og framleiðslu hafa verið jákvæð og í flestum tilfellum hefur framleiðni tekið kipp²³ – þvert á það sem margir kunna að halda.

Undanfarna áratugi – á meðan ýmis Evrópulönd stytta vinnudaginn – hefur vinnudagurinn á Íslandi ekki styst að neinu ráði. Þetta má sjá á mynd 1. Árið 2008 vann meðalmaðurinn um 56 stundum minna árlega, en árið 1980. (Hins vegar, á árunum 1950 til 1980, fækkaði árlegum vinnustundum á mann um 620).²⁴ Vélvæðingin hérlendis hefur aukist frá 1980 – sjálfvirknin hefur aukist,²⁵ á því leikur ekki vafi, en vinnustundum ekki fækkað að sama skapi.

Hér á landi hafa menn ekki farið út í að stytta vinnudaginn undanfarna áratugi. Miðað við reynsluna annars staðar í Evrópu, er full ástæða til að ætla að styttingin myndi ganga vel fyrir sig.²⁶

Ástæður og afleiðingar

Af hverju að stytta vinnudaginn hérlendis? Ýmiss konar rök má færa fyrir því, sum hagræn en önnur samfélagslegs eðlis. Skoðum rökin, hver fyrir sig.

(a) Landsframleiðsla (verg)²⁷ á hvern einstakling er meiri á Íslandi en í flestum öðrum Evrópulöndum, t.d. Þýskalandi, Frakklandi og Danmörku. Á sama tíma er (verg) landsframleiðsla á hvern unninn klukkutíma mun minni í samanburði við sömu lönd. Raunar er það svo, að þróuðustu lönd Evrópu ásamt öðrum Norðurlöndum standa sig betur í þessum samanburði (þ.e. framleiðslu á klst). Lönd sem fylgja fast á hæla Íslands í þessum efnum eru Spánn, Grikkland, og Ungverjaland.²⁸ Hafa ber í huga, að þetta er ekkert nýtt.²⁹

Stytting vinnutíma

Samhliða þessu vinnum við langan vinnudag, miðað við ýmis Evrópulönd, líkt og sést á mynd 1. Sem sagt: Við framleiðum nokkuð mikið í samanburði við önnur Evrópulönd, en eyðum miklum tíma til þess.

Hvað veldur? Ástæðurnar geta verið margar. Það er til dæmis vel þekkt að langir vinnudagar yfir langt tímabil draga úr afköstum – þreyta byggist upp. Einnig má hugsa sér að skipulag vinnunnar komi niður á afköstum, t.d. ef vinnufyrirkomulag er óhentugt. Hugsanlega er lélegt skipulag framleiðslu og vinnu útbreitt hérlendis, en víða í Evrópu sé það betra. Samspil þessara tveggja þátta, þreytu og skipulags, er möguleg ástæða lengri vinnudags og lélegrar framleiðni á hverja vinnustund.³⁰

Verði vinnudagurinn stytur, er líklegt að þetta breytist. Ef langverandi þreytu er um að kenna, er líklegt að fólk nái að hvílast betur samhliða styttri vinnudegi og að framleiðslan aukist (á hverja vinnustund og kannski á mann). Ef skipulag er óhagkvæmt, er líklegt að atvinnurekendur sjái sér hag í að bæta það, en með því myndu afköst aukast.³¹

(b) Áður var nefnd tilgátan um þreytu. Hún er ekki úr lausu lofti gripin, því til er rannsókn sem sýnir að hérlendis hefur atvinna margra fullorðinna (á aldrinum 16-67 ára) slæm áhrif á heimilislíf.³² Rannsóknin náði til allnokkurra landa, þar á meðal voru Ísland og önnur Norðurlönd, Sviss, Ástralía, Bandaríkin, Austurríki, Þýskaland, Frakkland og Pólland.

Rannsóknin, sem var gerð 2005, leiddi í ljós að einn af hverjum fjórum fullorðnum hérlendis kemur of þreyttur heim úr vinnu, nokkrum sinnum í viku, til að geta sinnt heimilisstörfum, og einn af hverjum þremur nokkrum sinnum í mánuði. Samanburður var gerður milli þáttökulanda. Ísland kom illa út úr þeim samanburði: Af öllum þáttökulöndunum var *mest* kvartað undan þreytu hérlendis! Í engu öðru þáttökulandi mældist hærra hlutfall þeirra, sem sagðist koma of þreyttur heim til að sinna heimilisstörfum, nokkrum sinnum í mánuði eða oftar.³³

Svipaða sögu var að segja þegar fólk var spurt um hvort það næði að klára öll verkefni í vinnunni. Í aðeins tveimur þáttökulöndum voru fleiri (hlutfallslega) sem tóku undir það, að þeim gengi illa að ljúka öllum verkefnum vegna anna, en á Íslandi.

Niðurstaðan gæti vart verið skýrari. En hvað þýðir hún? Sé hún sett í samhengi við það sem hefur komið fram áður – langir vinnudagar, mikið umfang vinnunnar, lág framleiðni á hvern unninn klukkutíma – bendir hún

Stytting vinnutíma

sterklega til þess að á Íslandi vinni fólk of mikið og að sennilega sé skipulagi vinnunnar ábótavant miðað við hin Norðurlöndin og ýmis Evrópuríki. Skipulagið kalli á lengri vinnudag – því illa gengur að klára verkefni eins og rannsóknin sýndi – og langur vinnudagur kalli fram þá þreytu, sem svo berlega kom fram í rannsókninni. Eitthvað frekara samspil er líklegt hér á milli, og er það trúlegast flókið. Niðurstaðan styður sem sagt þá hugmynd að hér sé margt fólk þreytt vegna vinnu, en líka að skipulagi sé trúlega áfátt.³⁴

Stytting vinnudagsins gæti orðið til þess að bæta úr þessu, eins og áður sagði. Stytting vinnudagsins gæti orðið til að skipulagi vinnunnar héraðs yrði breytt, og líka til að fólk hvílist betur.

Einhverjir kunna að hafa tekið eftir því að rannsóknin er frá árinu 2005 – nokkrum árum fyrir hrún. Á niðurstaðan enn við í dag?³⁵ Ef ástæðan fyrir svöruninni 2005 var of mikil vinna – þá, já. Þeir sem hafa vinnu á Íslandi, vinna enn mikið, líkt og kom fram áður. Sama gildir líklegast um skipulag vinnunnar – skipulagið almennt hefur trúlega ekki breyst mikið.

Ef vinnudagurinn verður stytur, þarf sérstaklega að gæta að þreytu fólks. Styttingin þarf að *hvetja* til að skipulagi vinnunnar verði breytt þannig að fólk líði betur – *ekki* verr. Ekki má hrófla þannig við skipulagi að fólk líði *verr*. Stéttarfélag þyrftu að hafa eftirlit með því – og gera ráð fyrir að geta hlutast til um vinnufyrirkomulag (í samráði við atvinnurekendur) í samningum.

(c) Eins og vel er þekkt hefur atvinnuleysi á Íslandi aukist frá árinu 2008. Atvinnuleysi fór úr um 3% 2008 í 8% árið 2010.³⁶ Hugsum okkur að vinnudagurinn yrði stytur um eina stund, þannig að í staðinn fyrir að hver sá sem er í fullu starfi, myndi vinna um 35 stundir á viku í stað 40 stunda.³⁷ Aðrir sem vinna meira eða minna, myndu minnka sína vinnu í réttu hlutfalli við styttinguna (t.d. myndi sá sem ynni 60 stundir á viku fyrir styttingu vinna 53 stundir eftir hana).

Það er vel mögulegt að slík stytting vinnudagsins geti dregið úr atvinnuleysi, til dæmis með þessum hætti: Þegar styttingin á sér stað í hagkerfinu, er líklegt að starfsfólk og atvinnurekendur finni nýjar leiðir til að afkasta jafn miklu á styttri vinnudegi og var fyrir styttinguna – en styttingin myndi gera það að verkum að ekki væri hægt að afkasta jafn miklu og áður með sama vinnu-skipulagi, því tíminn til þess væri skemmri. Nýjar leiðir væru því nauðsynlegar. Þetta er næstum öruggt, m.a. vegna þess að fyrirtækjaeigendur myndu vilja halda veltu og mögulegum hagnaði óbreyttu – þeir myndu ekki sætta sig við minni framleiðni, veltu og hagnað að gefinni óbreyttri eftirspurn. Með þessu

móti – með því að breyta skipulagi vinnunnar – gætu mörg fyrirtæki afkastað álíka miklu eftir styttingu og þau gerðu fyrir styttingu (sumum jafnvel mun meiru) og það án þess að fjölga starfsmönnum.³⁸ Einhverjum fyrirtækjum myndi hins vegar ekki takast þetta – en þyrftu samt að hafa undan eftirspurn. Þau myndu þurfa að fjölga starfsfólki – atvinnulaust fólk væri líklegast til að verða ráðið og atvinnulausum myndi þannig fækka. Þessi fyrirtæki væru með þessu vitanlega að taka á sig aukinn kostnað, en flest fyrirtæki ættu að ráða við það í einhverjum mæli.

Þetta er auðvitað ekki tryggt. Ýmislegt gæti farið á annan veg en hér var lýst, með þeim afleiðingum að atvinnuleysi myndi ekki minnka. Og ef hlutirnir fara á annan veg? Þá, í það minnsta, hefur vinnudagurinn verið stytur, og framleiðsluferli endurbætt. Í öllu falli er ósennilegt með meiru að atvinnuleysi aukist.

Einhverjum lesendum (einkum hagfræðingum) gæti þótt að hér hafi verið fallið í gryfju ákveðinnar rökvillu sem á ensku er nefnd *lump-of-labor fallacy*. Þeir hinir sömu eru *eindregið* hvattir til að lesa neðanmálgrein þar sem þetta er rætt nánar.³⁹

Enn aðrir kunna að spyrja sig hvort atvinnuleysi hafi nokkurn tímann minnkað í kjölfar styttingar vinnudagsins. Svarið er já, en til að það gerist þarf að vanda til verka við framkvæmdina.⁴⁰

Einhverjum gæti dottið í hug, að framleiðendur muni setja meiri þrýsting á starfsfólk til að afkasta meiru, og þannig slíta fólki frekar út. Aukin framleiðni yrði þannig raunin, en á kostnað starfsfólksins. Þetta er möguleiki. Verkfæri starfsfólksins til að hamla gegn því eru auðvitað stéttarfélög og verkföll. Og þau þarf fólk að virkja, ef álagið verður, almennt, óásættanlegt.

(d) Í sömu könnun og spurt var um þreytu, var líka spurt um hvort fólki vildi auka við sig vinnu, minnka eða engu breyta. Í ljós kom að um 71% vildi vinna sömu vinnu fyrir sömu tekjur, 10% vildu vinna meira fyrir meiri tekjur og 19% vildu vinna minna fyrir lægri tekjur. Samkvæmt þessu mætti ætla að um 70% fólks sé sátt við sitt og um 30% vilji minni eða meiri vinnu. En önnur mynd kom í ljós þegar spurt var um vinnuna, óháð tekjum. Kom þá í ljós að 42% vildu vinna minna, um 11% meira, en 47% vildu óbreyttan vinnutíma (ætla má að hlutföllin hafi breyst, en ekki endilega svo mikið, sbr. það sem kemur fram síðar).⁴¹ Hér er mikið misræmi. Þetta bendir til þess að mjög margir geti ekki unnið minna, þótt þeir vilji það. Ástæðurnar geta verið margar; fjárhagsleg skuldbinding, ósveigjanlegur vinnustaður eða annað.

Stytting vinnutíma

Og hvað um þá fjölmörgu (19%) sem vildu vinna minna, þótt þeir fengju minni tekjur fyrir. Af hverju unnu þeir þá ekki minna? Vegna þess að vinnustaðurinn leyfði það ekki, væntanlega.

Í sömu könnun kom líka í ljós að margir vildu verja meiri tíma með vinum (65%) og fjölskyldu (66%), en þeir gerðu.⁴²

Hér myndi stytting vinnudagsins hafa jákvæð áhrif. Óskir margra, sem vilja vinna minna, en geta það ekki, yrðu uppfylltar, að hluta til í það minnsta. Og líka óskir þeirra sem vilja eyða meiri tíma með vinum og fjölskyldu.

Aftur kann fólk að spyrja sig hvort þetta hafi ekki breyst eftir hrun. Eðlilega. En trúlega á það sama við og kom fram áður; þeir sem hafa vinnu, vinna enn mikið.

(e) Og loks mjög mikilvægt atriði. Atriði sem svo margir – t.d. hagfræðingar og stjórnáamenn – gleyma í allri talna- og slagorðafloornni sem umvefur okkur alla daga: Lífið er ekki eltingaleikur við launaseðla, vísitölur og hagkvæmni. Lífið snýst fyrst og síðast um að njóta frístunda, áhugamála og fjölskyldulífs.

Þeir sem á annað borð geta lesið þessa ritgerð á frummálinu hafa náð mjög langt í lífinu, miðað við annað fólk á jörðinni, svo ekki sé minnst á aðrar tegundir lífvera – bæði fyrr og nú. *Sama hvað líður hrúni og samdrætti.* Staðreyndin er sú að langsamlega flestir sem búa á Íslandi hafa það frábært miðað við flesta aðra íbúa jarðar.⁴³ Öruggt húsaskjól, næg fæða – of mikil meira að segja fyrir margra – og trygg heilbrigðisþjónusta fyrir öll helstu vandamál sem að tegundinni *homo sapiens* steðja. Næstum öll njótum við þessa.⁴⁴

Við sem búum á Íslandi höfum það flestöll stórfínt – og nú er kominn tími til að vinna minna en við gerum. Í öllu falli ættum við, sem höfum vélvæðst jafn mikið og raun ber vitni, ekki að þurfa að vinna vinnudag sem var mótaður á *nítjándu öld*.⁴⁵ Átta tíma vinnudagur eða meira í samfélagi, sem er jafn iðnvætt og okkar, ætti að vera löngu liðin tíð hjá hinum almenna borgara.⁴⁶

Vinnan er vissulega forsenda tilveru okkar – án hennar fengjum við ekki að éta, né hefðum við húsnæði. En meginhluti vinnandi fólks á Íslandi (70%) vinnur ekki við framleiðslu á mat eða nauðsynjum – heldur þjónustu;⁴⁷ t.d. selja öðrum dekk á dekkjaverkstæðum eða varaliti í verslunum. Það er ekki síst í ljósi þess að svo fáa þarf til að framleiða helstu nauðsynjar, sem við ættum að stytta vinnudaginn og njóta lífsins dásemda – frítímans, enn frekar.

Hér að framan hafa ýmis rök verið sett fram til að rökstyðja styttri vinnudag. Ekkert eitt af þessu eru meginröksemdir. Öll rökin vega álíka þungt.

Það verður að undirstrika það að stytting vinnudagsins þarf ekki að hafa þær afleiðingar sem taldar voru upp að framan. Heimurinn er flókinn og ýmislegt gæti farið á annan veg (þó hæpið sé að afleiðingarnar verði slæmar). Hins vegar er áhættan lítil og það er til mikils að vinna. Það yrði vitanlega á ábyrgð atvinnurekenda og stéttarfélaga að sjá til þess að stytting vinnudagsins heppnist vel. Til að svo gerist þyrftu þessir aðilar að *vinna saman* og nýta sér reynslu *Evrópulanda sem hafa reynt þetta*. Í heimildaskrá má finna lesefni, sem nota má sem upphafsreit til að finna fleiri heimildir um það.

Varnaglar, efasemdir og fram tíðin

Margir spyrja sig vafalaust eftir lesninguna: „Á fólk að halda sömu launum, þrátt fyrir minni vinnu? Fyrirtækin hafa ekki efni á því.“ Laun hafa einmitt verið helsta bitbein manna í gegnum tíðina þegar hefur átt að stytta vinnudaginn. Atvinnurekendur hafa viljað að launin standi í stað í „skiptum“ fyrir styttri vinnudag, en launafólk hefur auðvitað viljað fá sína vanalegu launahækkun að auki við skemmri vinnudag.⁴⁸ Vitanlega ætti að greiða launafólki í það minnsta sömu laun (þ.e. heildarlaun) eftir styttinguna og fólk fékk fyrir styttingu – vegna þess að í flestum tilvikum myndi sama fólk (innan fyrirtækis) vinna í heild sömu verk og fyrir styttinguna, en á skemmri tíma. Hafa ber í huga að fólk er ekki greitt fyrir að *vera í vinnunni* í svo og svo langan tíma, heldur að inna af hendi ýmis *verk* á svo og svo löngum tíma – sem eftir styttingu væri skemmri, en verkefni yrðu í heildina (innan fyrirtækja) svipuð að umfangi í flestum tilfellum. Framleiðsla, sala og velta ættu því að haldast svipuð hjá flestum fyrirtækjum. Og af þessum ástæðum ættu flest fyrirtæki vel að hafa efni á því að greiða sömu laun eftir styttingu og voru greidd fyrir.⁴⁹ En ætti að veita venjulega launahækkun, samhliða styttingunni? Það færi eftir því hversu langt væri liðið frá síðustu launahækkunum – ef stutt væri frá síðustu launahækkunum þegar styttingin ætti sér stað, þá trúlega nei. En ef langra væri liðið, þá væri trúlega full ástæða til, enda líklega öll þau sömu skilyrði fyrir hendi og þegar launahækkunir eru venjulega veittar. Það er engin ástæða til að bjóða skemmri vinnudag í stað launhækkunar, ef öll skilyrði launahækkunar eru til staðar og stytting vinnudags mun ekki koma niður á fyrirtækjunum á neinn veigamikinn hátt. Og ætti svo að vera, líkt og rakið hefur verið að framan (og síðar).

Stytting vinnutíma

Annars konar mótmæli yrðu kannski á þessa leið: „Hagkerfið er of viðkvæmt til að þola breytingar sem þessar, nú nýlega fóru ekki bara nokkrir bankar á hausinn, heldur næstum því líka Seðlabankinn og sjálfur ríkissjóður.

Hugmyndir um að vinna minna eru galnar, það er allra síst það, sem þarf nú að gerast“. Forsendurnar eru réttar, en ekki niðurstaðan. Vinnudagurinn hefur margoft verið stytur og það við ýmsar efnahagslegar aðstæður. Engin ástæða er til að halda að stytting myndi setja hagkerfið á hliðina, því ekki yrði hróflað við neinum *grundvallarþáttum hagkerfisins*. Aðeins yrði hróflað við lengd vinnudagsins og sennilega skipulagi vinnunnar – en hagkerfið yrði í grundvallaratriðum óbreytt. Ef stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja, ásamt verkalýðsfélögum, vanda sig, verður allt í lagi.

Aðrir kunna að segja: „Já, en bíðum með þetta þar til uppsveiflan er komin í fullan gang.“⁵⁰ Það væru mistök – *nema* ef styttingin ætti sér stað í blábyrjun uppsveiflunnar. Ástæðan er sú að í uppsveiflu er mikil eftirspurn eftir vinnuafli og þá er tilhneiging til að *auka* við vinnuna. Það væri því erfitt að stytta vinnudaginn þá. Heppilegast er sennilega að stytta vinnudaginn sem fyrst. Helst innan tveggja eða þriggja ára, og svo sannarlega áður en næsta pensluskeið hefst.

Svo er líklegt að eigendur fyrirtækja og forsvarsmenn hagsmunasamtaka muni segja eitthvað á þessa leið: „Styttingin gæti kallað á fjölgun starfsfólks í hlutastörfum, en fyrirtækin hafa ekki efni á því vegna þess að með hverjum starfsmanni fylgja (föst) opinber gjöld sem fyrirtækin hafa ekki á að greiða, eins og til dæmis tryggingagjald og lífeyrissjóðsgjöld. Fyrirtækin eru of aðþrengd fyrir.“ Það er rétt að ýmiss kostnaður fylgir því að bæta við starfsfólki. En helsta vandamálið yrði ekki opinber gjöld. Ástæðan fyrir því er sú að opinber gjöld eru nær öll hlutfall af launum, en ekki *föst* upphæð. Þar af leiðir að ef starfsmaður er ráðinn í fyrirtæki, kostar það fyrirtækið launin hans auk ákveðinnar prósentu ofan á þau. Kostnaðurinn er ekki fastur, heldur fylgir hann launum viðkomandi.

Einhverjir kunna að hafa áhyggjur af því að í kjölfar styttingar vinnudagsins myndi yfirvinna aukast og stytting yrði lítil í reynd. Við þessu er ekkert einhlítt svar – en ýmislegt er mögulegt til að koma í veg fyrir slíkt, t.d. að atvinnu-rekendur og verkalýðsfélög hreinlega semji um hömlur á yfirvinnu.⁵¹ Bent skal á að menn hafa rekið sig á þetta vandamál og til eru lausnir.⁵²

Þá eru það stóru spurningarnar: Hve mikið skal stytta vinnudaginn? Og hver skal koma því í framkvæmd? Við fyrri spurningunni verður ekki gefið neitt ákveðið svar, en ein uppástunga þó: ein og hálf stund, um sjö til átta stundir á

Stytting vinnutíma

viku – í þrepum (yfir kannski tveggja ára tímabil). Venjuleg vinnuvika yrði þannig stytt úr 40 stundum í 32-33 stundir. Seinni spurningunni er auðsvarað: Verkalýðsfélögin, í næstu kjarasamningum eða með sérstökum samningum.⁵³ Þau ein geta komið þessu til leiðar. Atvinnurekendur munu að öllum líkindum sjá sér lítinn hag í þessu – enda illa við breytingar. Stytting vinnudagsins hefur í gegnum söguna, frá því verkalýðsfélög urðu til, verið eitt helsta baráttumál verkalýðsfélaga og launafólks. Það er kominn tími til að koma því máli aftur á dagskrána hérlendis.

Hér að framan var bent á að þrátt fyrir aukna vélvæðingu og sjálfvirkni frá því um 1980, hefur vinnutími lítið styst hérlendis. Vinnumarkaðssaga kennir okkur að í hvert sinn sem framleiðni eykst (t.d. með nýrri vél), á fólk á hættu að missa vinnuna, því fyrirtæki leitast eilíft við að spara í starfsmannahaldi. Vélar (eða aðferðir) koma þannig í stað starfsfólks, vélar sem spara fyrirtækjunum peninga. Hefur þetta verið svo allt frá því í iðnbyltingunni. Til að sporna við því þarf að sífellt að auka neyslu, m.a. svo þeir sem missa vinnuna geti fengið aðra. En þetta þarf ekki að vera svona. Í reynd ætti það að vera svo – ef hagkerfi heimsins væri skynsamlega uppbyggt – að í hvert sinn sem framleiðni ykist, myndi vinnudagurinn styttest. Fyrirtæki sem myndi finna leið til að auka framleiðni – kannski með nýrri vél – ætti í raun að stytta vinnudag sinna starfsmanna og endurútdeila þannig vinnunni til þeirra sem myndu annars missa vinnuna. Þetta myndi stuðla að auknum stöðugleika hagkerfisins – því þessi ráðstöfun myndi hjálpa til við að halda atvinnuleysi í lágmarki. Þetta er eitthvað sem hagkerfi framtíðarinnar þyrfti að fela í sér, en núverandi hagkerfi gerir ekki. Því er ekki að neita að vinnumarkaður og eðli fyrirtækja þarf að breytast til að þetta geti orðið að veruleika.

Að lokum: Atvinnurekendur munu taka illa í þessa hugmynd, komist hún til umræðu. Það hafa þeir *alltaf* gert þegar styttingu vinnudagsins ber á góma. Ekki láta það koma á óvart.⁵⁴

En nú er mál að linni. Styttum vinnudaginn og njótum ávaxtanna – frítímans, áhugamála, og samvista með vinum og fjölskyldu – í meiri mæli en við gerum. Og hugsanlega minnkum við í leiðinni atvinnuleysi.

Neðanmálsgreinar

1Kristni Má Ársælssyni, Kjartani Halli Grétarssyni, Kolbeini Stefánssyni og Ásgeiri Berg Matthíassyni eru færðar þakkir fyrir yfirllestur og ábendingar á meðan þessi ritgerð var í vinnslu.

2Sótt af

http://www.hi.is/files/skjol/hugvisindasvid/deildir/islensku_og_menningar/Thorunn.pdf
þann 23. júlí 2011.

3Frá því efnahagsþrengingarnar riðu yfir 2008, hefur vinnustundum fækkað hjá þeim sem hafa vinnu, en aðeins lítillega. Sjá nánar um þetta síðar í ritgerðinni.

4Fyrir utan nú nýlega, að BSRB setti fram kröfu í kjaraviðræðum um styttri vinnudag (Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, 2011). Það sem heyrðist frá ASÍ var „Við viljum vinna“ (Gylfi Arnbjörnsson, 2010). – Höfundur hefur sjálfur skrifað um þetta mál í blöð (Guðmundur D. Haraldsson og Smári McCarthy, 2010; Smári McCarthy og Guðmundur D. Haraldsson, 2010), andsvör voru engin við þeim skrifum, en nokkur meðbyr. – Á Alþingi hefur nokkrum sinnum í gegnum tíðina verið fjallað um að stytta vinnudaginn hérlandis; hafa verið lagðar fyrir þingsályktunartillögur um þetta efni. Höfundur er kunnugt um fjórar, sú elsta frá 1961 (Alþingi, 1961), sem var samþykkt. Tillagan fól í sér að fundnar yrðu leiðir til að stytta vinnudaginn án þess að skerða tekjur. Árin 1988 og 1991 voru lagðar fram þingsályktunartillögur í svipuðum dómum, en þær urðu ekki samþykktar (Alþingi, 1988, 1991). Árið 1993 var lögð fyrir enn önnur þingsályktunartillaga, sem var líka í svipuðum dómum og fyrri tvær, en varð ekki samþykkt heldur. Þess í stað var samþykkt þingsályktunartillaga um að skrifuð yrði skýrsla um hvernig hafi verið staðið að styttingu vinnudags annarsstaðar í Evrópu (Alþingi, 1993). Höfundur er ekki kunnugt um nokkuð nýrra sem hefur gerist innan Alþingis um styttingu vinnudagsins.

5Þau Norðurlönd sem hér er miðað við eru Ísland, Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk. Kemur þetta til vegna gagnanna sem ritgerðin byggir á.

6Hér var miðað við Austurríki, Belgíu, Frakkland, Holland, Ítalíu og Þýskaland.

7Umskiptalönd eru fyrrum kommúnistalönd, sem eru eða hafa verið að ganga í gegnum miklar breytingar á hagkerfum sínum.

8Þessi tölfræði er reiknuð út frá gögnum úr gagnagrunni *Total Economy Database* (The Conference Board, 2011). Miðað er við árið 2010 og 48 vinnuvikur í útreikningum. Sjá einnig Þorvald Gylfason (2007). – Í þessari tölfræði er aðeins tekin með hefðbundin launavinna. Önnur störf, t.d. heimilisstörf, eru ekki talin með.

Stytting vinnutíma

[9](#)Unnið úr gögnum The Conference Board, 2011. Fyrri aftanmálgrein um útreikninga gildir umvinnustundir á viku. Vinnudagar á ári voru reiknaðir þannig að mismun á fjölda vinnustunda var deilt í átta fyrir öll löndin.

[10](#)Myndin er teiknuð eftir gögnum úr gagnagrunni *Total Economy Database*, sem *The Conference Board* heldur við og sér um (The Conference Board, 2011). Þessi gögn eru talin áreiðanleg, en nánari fróðleik um þau má finna hjá Þorvaldi Gylfasyni (2007). – Tekið skal fram að þó svo fjöldi vinnustunda fyrir „önnur Norðurlönd“ sé felldur saman í eitt meðaltal fyrir þau öll, villir það ekki fyrir: Það er mest unnið héraendis af þessum löndum og það má líka sjá hjá Þorvaldi Gylfasyni (2007). Á þessu eru örfáar undantekningar, á árunum í kringum 1980 var unnið álíka mikið í Finnlandi eins og hér, en þó ekki meira. Svipað gildir um þróuðu evrópulöndin; fyrir utan Ítalíu er meira unnið héraendis en í þeim löndum og svo hefur verið lengi, og svo fyrir utan að í Austurríki og Frakklandi var unnið meira en héraendis á nokkrum árum í kringum 1980.

[11](#)Á þessu eru örfáar undantekningar, sjá fyrri aftanmálgrein.

[12](#)Kolbeinn H. Stefánsson, óútgefið handrit. Upplýsingar þær sem handritið byggir á, eru að hluta til fengnar frá OECD.

[13](#) (Meðalfjöldi vinnustunda per vinnandi mann * atvinnuþátttaka) / 100

[14](#) Það ber að varast að gera of mikið úr því að umfangið sé hærra hér en í S-Kóreu. Munurinn er lítill og hætt er við að mæliskekkjur komi við sögu. T.d. var atvinnuleysi minna í S-Kóreu árið 2009. Lítil vafi er hins vegar á að Ísland er á svipuðu reiki og S-Kórea varðandi umfang vinnunnar.

[15](#) Hagstofa Íslands (2011).

[16](#) Hagstofa Íslands (2011).

[17](#) Hagstofa Íslands (2011).

[18](#) Rétt er að geta þess að í kjölfar iðnbyltingarinnar *lengdist* vinnudagurinn mjög mikið. Sú mynd sem stundum er dregin upp af miðöldum sem tíma langra vinnudaga er ekki rétt að nærri öllu leyti. Sjá nánar í Schor (1991).

[19](#) Schor (1991).

[20](#) Bosch og Lehndorff (2001).

[21](#) Lee, McCann og Messenger (2007), bls. 12, 17.

Stytting vinnutíma

[22](#) Lee, McCann og Messenger (2007), bls. 12, 17.

[23](#) Bosch og Lehndorff (2001), Schor (1991).

[24](#) The Conference Board (2011).

[25](#) Sjá The Conference Board (2011), en þar má sjá að framleiðni á hverri unninni klukkustund hefur aukist mjög milli 1980 og 2008 – eitthvað um 50%.

[26](#) Bosch og Lehndorff (2001).

[27](#) Verg landsframleiðsla er mælikvarði á endanlegt virði allrar framleiðslu og allrar þjónustu sem er veitt á vissu landsvæði, á vissu tímabili.

[28](#) Þorvaldur Gylfason (2007). Sjá líka Kolbeinn H. Stefánsson (2008).

[29](#) Eyþór Ívar Jónsson (2002).

[30](#) Hér getur verið á ferðinni flókið samspil, sem verður ekki kafað frekar ofan í, í þessari ritgerð. – Sjá nánar um lélegt skipulag í Bosch og Lehndorff (2001).

[31](#) Atvinnurekendur ættu að sjá hag sinn í að framleiðni haldist álíka mikið og áður (til að halda veltu og mögulegum hagnaði fyrirtækjanna svipuðu), en til þess þarf endurbætt skipulag með styttri vinnudegi. – Talsvert af rannsóknum bendir sterklega til að samband sé á milli styttingar langs vinnudags og aukinnar framleiðni (þ.e., per vinnustund). Stytting virðist valda aukinni framleiðni. Slík aukning er talin orsakast af minni þreytu, bættu vinnuskipulagi, breyttum framleiðsluaðferðum og betri anda á vinnustað. Á þessu eru vitanlega takmarkanir, en þær eiga varla við um Ísland (sjá Lee, McCann og Messenger (2007), bls. 149-150).

[32](#) Kolbeinn H. Stefánsson (2008). Sjá einnig Kolbeinn H. Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir (2010).

[33](#) Kolbeinn H. Stefánsson (2008). – Einnig voru könnuð áhrif heimilis og fjölskyldu á vinnu. Spurt var um hvort fjölskyldulíf hefði truflað vinnu og um 10% tóku undir það að það hefði gerst nokkrum sinnum í mánuði eða oftar. Svipað hlutfall var sammála því að heimilisstörf hefðu truflað vinnuna. Ísland kom hér aftur illa út í samanburði við önnur lönd.

[34](#) Kolbeinn H. Stefánsson (2008) dregur svipaða ályktun.

[35](#) Þess ber að geta að könnun var gerð árið 2010 á truflun á heimilislífi á Íslandi af völdum vinnu. Niðurstaðan var lík þeirri sem kynnt var hér að framan þó tölurnar

Stytting vinnutíma

hefðu eitthvað breyst (Kolbeinn H. Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir, 2010). Hér má einnig benda á að umfang vinnunnar fyrir hrun var mögulega enn meira en í dag, þar með talið árið 2005 þegar könnunin var gerð, eins og kemur fram annarsstaðar í ritgerðinni.

[36](#) Hagstofa Íslands (2011).

[37](#) Í reynd er það þó þannig að þeir sem vinna fullan vinnudag, vinna að meðaltali um 45 stundir á viku, en ekki 40 stundir, sjá Hagstofu Íslands (2011).

[38](#) Ef laun yrðu hækkuð samhliða styttingu vinnudagsins, er ekki víst að röksemdafærslan haldi. Það ylti þó á því hvort og hversu mikið framleiðini fyrirtækjanna ykist og hversu mikil launahækkunin yrði. Sjá Bosch og Lehndorff (2001).

[39](#) Hagfræðingar segja oft, að þeir sem komi fram með hugmyndir áþekkar þeim sem hér hafa verið settar fram, geri ráð fyrir nokkrum forsendum sem séu ósannar. Í því felist rökvilla. Þessir hagfræðingar eiga það til að slengja fram þessari fullyrðingu án nánari röksemdafærslu. Þeir sem hyggjast mótmæla með röksemdum sem slíkum, er vinsamlegast bent á að lesa Walker (2000, 2007) en einnig Bosch og Lehndorff (2001).

[40](#) Um það, sjá Bosch og Lehndorff (2001) og Walker (2000, 2007).

[41](#) Kolbeinn H. Stefánsson (2008).

[42](#) Kolbeinn H. Stefánsson (2008).

[43](#) Benda má á að á lífsgæðavísitölu Sameinuðu þjóðanna (Human Development Index) hefur Ísland verið ofarlega (með mikil lífsgæði) í alllangan tíma – árið 2011 var Ísland í 14 sæti. Vísitalan er reiknuð fyrir næstum 200 lönd á jörðinni (United Nations Development Programme, 2011). Þessi vísitala er ekki gallalaus, en gefur ágæta hugmynd um lífsgæði.

[44](#) Helstu undantekningarnar sem koma til hugar er fólk sem fór illa út úr hruninu svo og geðfatlaðir. Það er vitanlega brýnt að hugað sé að lífsaðstæðum þessa fólks.

[45](#) Sjá Schor (1991).

[46](#) Þetta er ekkert grín. Sumir ganga enn lengra, og segja að í framtíðinni verði allir *atvinnulausir*. Sjá Gorz (1978/1980).

[47](#) Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson (2005), kafli XVI.

[48](#) Schor (1991), Bosch og Lehndorff (2001).

[49](#) Líkt og kom fram í fyrri hluta, lið c), þá gætu sum fyrirtæki þurft að taka á sig kosnað vegna nýráðninga. Önnur fyrirtæki gætu mögulega aukið framleiðsluna, fyrir minni kostnað og vegna aukinnar eftirspurnar myndu þau geta ráðið fleira fólk án þess að auka kostnað (sjá nánari skýringar í Bosch og Lehndorff, 2011). Ómögulegt er að segja til um hve mörg þessi fyrirtæki yrðu, í hvoru tilfellinu. Þetta er áhætta sem atvinnurekendur þyrftu að taka, enda er það *áhætta* sem gjarnan er notuð til að réttlæta arð til eigenda fyrirtækja.

Hér er rétt að segja nokkur orð um þjónustufyrirtækin, sem eru mjög fyrirferðarmikil í hagkerfi Íslands, en um 70% vinnandi fólks vinna í þjónustustörfum. Í fyrri kafla, hluta c), var gengið út frá því að fyrirtæki geti afkastað álíka miklu fyrir styttingu og eftir, með því að endurskipuleggja vinnuna. Þetta gæti *síður* átt við um fyrirtæki sem sinna fyrst og fremst þjónustu, vegna þess að mörg störf innan slíkra fyrirtækja felast í því að vinna verk svo til jafnóðum og eftirspurnin á sér stað – þ.e. á skömmum tíma, nokkrum mínútum jafnvel, eftir að hennar verður vart – og hvenær sú eftirspurn á sér stað er mjög háð viðskiptavinum fyrirtækisins, en viðskiptavinir eru varla „endurskipulagðir“. Dæmi um þetta eru t.d. bakarí, bókabúðir og ýmislegt í þeim dúr. Þetta þýðir að þjónustufyrirtækin gætu oft þurft að beita öðrum aðferðum til að tryggja að reksturinn yrði fyrir sem minnstum áhrifum af völdum skemmri vinnudags. Hér skulu nefndar nokkrar leiðir: a) vaktir séu endurskipulagðar, fækka starfsfólki á tímum þar sem lítil viðskipti eiga sér stað; b) stytta opnunartíma og fá viðskiptavinum til að eiga viðskipti á öðrum tímum; c) beita sjálfsafgreiðslu í meiri mæli. Í einhverjum tilfellum myndi allt þrjúta og þyrftu fyrirtæki hreinlega að ráða til sín meira fólk, en það ættu nú mörg fyrirtæki að geta. Það myndi líka draga úr atvinnuleysi.

[50](#) Skyld þessum mótmælum gætu önnur heyrst, en þau gætu hljómað svona: „Stytting vinnudagsins er aðeins möguleg með því að auka *fyrst* framleiðslu – auka hagvöxt og tekjur – það er eina leiðin til að greiða fyrir styttinguna.“ Þessi röksemd gæti virst sannfærandi í fyrstu – stytting vinnudags hefur alltént oft fylgt auknu ríkidæmi. En hún er líklega gölluð – eða í það minnsta takmörkuð. Skoðum fyrst hvað styður þessa röksemd: Ef fjöldi vikulegra vinnustunda í ýmsum löndum heimsins (allt frá ríkum og þróuðum til fátækra og vanþróaðri) eru skoðaðar með tilliti til meðalþjóðartekna á mann – en framleiðni ætti einmitt að birtast í þjóðartekjum –, kemur í ljós að sterk tengsl eru þar á milli ($r = -0,497$) – í löndum sem eru *ríkari*, með meiri framleiðni og tekjur á mann, vinnur fólk *minna*, en fólk í tekjulægri löndum gerir. Hins vegar ef þessum löndum er skipt í tvo flokka, önnur með meðalþjóðartekjur á mann yfir 15.000 USD en hin undir því, og tengslin skoðuð fyrir þessa tvo flokka sitt í hvoru lagi, kemur í ljós annars konar mynstur. Í fyrri hópnum eru nær *engin* tengsl ($r = +0,017$) en í hinum voru mjög sterk tengsl ($r = -0,587$) – meiri tekjur, minni vinna. (Hafa ber í huga að í báðum hópnum eru löndin með mislangan vinnutíma og mismiklar þjóðartekjur.) Samkvæmt röksemdafærslunni um að aukning framleiðslu þurfi til að stytta vinnudaginn, ætti í það minnsta að vera allsæmileg fylgni í fyrri hópnum. En engu að síður er hún nær *engin*. Ástæðan fyrir þessu munstri er trúlega sú að þegar samfélög komast yfir visst þróunarstig – þar innifalín vélvæðing og

Stytting vinnutíma

iðnvæðing – er það ekki lengur aukin framleiðni (hagvöxtur) sem ýtir undir fækkun vinnstunda með *einhverju móti*, heldur eitthvað annað – mögulega þá lífsgildi ýmis konar eða annað. (Sjá nánar um þetta í Lee, McCann og Messenger (2007), bls. 32-33). Hafa ber í huga, að Ísland tilheyrir löndum sem hafa meðalþjóðartekjur yfir 15.000 USD á mann – hugsanlega leikur það hlutverk í því að vinnudagur hefur ekki styst hér á landi að ráði síðan 1980.

[51](#) Hafa þyrfti eftirlit með því af hálfu verkalýðsfélaga.

[52](#) Bosch og Lehndorff (2001).

[53](#) Þótt stutt sé frá síðustu kjarasamningum, er einmitt kjörið að hefjast strax handa við að undirbúa styttingu vinnudagsins.

[54](#) Sjá nánar í Schor (1991), en líka Kalecki (1943).

Heimildir

Alþingi (1961). Þingsályktunartillaga, mál nr. 94., 82. löggjafarþing.

Alþingi (1988). Þingsályktunartillaga, mál nr. 456, 110. löggjafarþing.

Alþingi (1991). Þingsályktunartillaga, mál nr. 315, 113. löggjafarþing.

Alþingi (1993). Þingsályktunartillaga, mál nr. 72, 117. löggjafarþing.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (2011, 13. janúar). *BSRB vill fjöskylduvænna samfélag*. Sótt 16. júní 2011 af slóðinni <http://www.bsrb.is/um-bsrb/frettir/nr/1853/>

Bosch, G. og Lehndorff, S. (2001). Working-time reduction and employment: Experiences in Europe and economic policy recommendations. *Cambridge Journal of Economics*, 25, 209-243.

Eypór Ívar Jónsson (2002). Ríkidæmi Íslands. *Vísbending*, 20 (41), bls. 2, 4.

Gorz, A. (1978/1980). Gullöld atvinnuleysisins. *Svart á hvítu* 4 (1), 2–7. [Ívar Jónsson og Sonja Jónsdóttir þýddu úr Tímaritinu *Le Nouvel Observateur*.]

Guðmundur D. Haraldsson og Smári McCarthy (2010, 16. desember). Sköpum atvinnu – eða hvað? *Morgunblaðið*.

Gylfi Arnbjörnsson (2010). Við viljum vinna. Vinnan. Tímarit Alþýðusambands Íslands, 59 (1), 3.

Stytting vinnutíma

Hagstofa Íslands (2011). Laun, tekjur og vinnumarkaður: Vinnumarkaður 2010. *Hagtíðindi*, 96 (10).

Kalecki, M. (1943). Political aspects of full employment. *The Political Quarterly*, 14, 322-330.

Kolbeinn H. Stefánsson (2008). *Samspil vinnu og heimilis: Álag og árekstrar*.
Rannsóknarstöð þjóðmála: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Óútgefið handrit.

Kolbeinn H. Stefánsson og Þóra Kristín Þórsdóttir (2010). Ánægja með fjölskyldulíf á Íslandi í kjölfar bankahruns. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir, *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 174-184). Sótt af: <http://hdl.handle.net/1946/6805> þann 27. febrúar 2012.

Lee, S, McCann D. og Messenger, J. C. (2007). *Working time around the world*. New York: Routledge.

Schor, J. (1991). *The overworked American*. New York: Basic Books.

Smári McCarthy og Guðmundur D. Haraldsson (2010, 4. desember). Vinna Íslendingar of mikið? *Fréttablaðið*, bls. 18.

Stefán Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson (2005). *Hnattvæðing og þekkingarþjóðfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

The Conference Board (2011). *Total Economy Database*. Sótt af <http://www.conference-board.org/data/economydatabase/> þann 8. Júní 2011.

United Nations Development Programme (2011). Human Development Report 2011 : Sustainability and Equity: A Better Future for All . New York: Palgrave Macmillan.

Þorvaldur Gylfason (2007, vor). Evrópa: Minni vinna, meiri vöxtur. *Skírnir*, 181, 61-81.

Walker, T. (2000). The “Lump-of-Labor” Case Against Work-Sharing: Populist Fallacy or Marginalist Throwback? Í L. Golden og D. Figart (ritstj.), *Working Time: International trends, theory and policy perspectives* (bls. 196–211). New York og London: Routledge.

Walker, T. (2007). Why Economists Dislike a Lump of Labor. *Review of Social Economy*, LXV (3), 279–291.